

**BRÁÐABIRGÐALÖG**  
um lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli.

1

19. jan.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Utanríkisráðherra hefur tjáð mér, að á meðan varnarliðið dvelst á Keflavíkurflugvelli beri brýna nauðsyn til þess, að skipa þar sérstakan lögreglustjóra.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

## 1. gr.

Á Keflavíkurflugvelli skal vera lögreglustjóri. Umdæmi Keflavíkurflugvallar miðast við samningssvæði þau á Reykjanesi, sem varnarsamningur Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 tekur til og eru eign ríkisins.

Ráðherra sá, er fer með varnarmál, veitir embættið lögfræðingi, sem fullnægir lögmæltum skilyrðum til skipunar í héraðsdómaraembætti.

## 2. gr.

Lögreglustjórinn hefur á hendi dómarastörf, lögreglustjórn, innheimtu á sköttum og tollum til ríkissjóðs og eftir því sem við getur átt önnur þau störf, sem sýslumönnum og bæjarfógetum eru falin, hverjum í sínu umdæmi, gegn þeirri þóknun, er ákveðin er að lögum.

Lögreglustjórinn tekur laun samkvæmt VI. flokki launalaga, nr. 60 1945.

## 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. janúar 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

Stjórnartíðindi 1954, A. 2.

## FORSETA BRÉF

um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda.

2

30. jan.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi, 73. löggjafarþing, skuli koma saman til framhaldsfunda föstudaginn 5. febr. 1954, kl. 13.30.

*Gjört í Reykjavík, 30. janúar 1954.*

**Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

Ólafur Thors.

1